


SKÓLI FYRIR ALLA

SKÓLAÞJÓNUSTA OG STUÐNINGUR VIÐ BÖRN Í
LEIK- OG GRUNNSKÓLUM KÓPAVOGS



Kópavogsbær



EFNISYFIRLIT

LEIÐARLJÓÐ

1. SKÓLAÞJÓNUSTA LEIK- OG GRUNNSKÓLA

1.1 STEFNUMÖRKUN	7
1.2 ÁHERSLUÞÆTTIR	8
1.3 STJÓRNUN OG STARFSSKIPULAG	9

2. STUÐNINGUR VIÐ BÖRN Í LEIKSKÓLUM

2.1 STEFNUMÖRKUN	15
2.2 ÁHERSLUÞÆTTIR	15
2.3 STJÓRNUN OG STARFSFYRIRKOMULAG	16
2.4 REGLUR OG FYRIRKOMULAG VARÐANDI ÚTHLUTUN FJÁRMAGNS/TÍMAMAGNS	17

3. STUÐNINGUR VIÐ NEMENDUR Í GRUNNSKÓLUM

3.1 STEFNUMÖRKUN	21
3.2 ÁHERSLUÞÆTTIR	21
3.3 STJÓRNUN OG STARFSFYRIRKOMULAG	22
3.4 FYRIRKOMULAG Á ÚTHLUTUN KENNSLUTÍMAMAGNS	26

YFIRLIT YFIR TENGD SKJÖL	29
--------------------------	----

Útgefandi:

Menntasvið Kópavogs 2016

Ábyrgðarmenn:

Ragnheiður Hermannsdóttir
Sigurlaug Bjarnadóttir

Umbrot og ljósmyndir:

Eyþór Bjarki Sigurbjörnsson

Kópavogsbær

Digranesvegur 1/Hamraborg 8
200 Kópavogur
Sími 441-000
Kt. 700169-3759
kopavogur@kopavogur.is
www.kopavogur.is



LEIÐARLJÓÐ

Leik- og grunnskólar Kópavogs eru skólar án aðgreiningar. Börnum skal búið námsumhverfi sem gefur þeim tækifæri til að nýta hæfileika sína og sérstöðu. Samvinna barna, foreldra, kennara og annarra sérfræðinga um skipulag náms barna er mikilvægur þáttur í skóla án aðgreiningar. Stuðningur við börn í skóla án aðgreiningar skal einkennast af virðingu, umburðarlyndi og metnaði.





1. KAFLI

SKÓLAÞJÓNUSTA LEIK- OG GRUNNSKÓLA

1.1. STEFNUMÖRKUN

Stefna Kópavogsbæjar um stuðning við nemendur tekur mið af alþjóðlegum samþykktum um skóla án aðgreiningar og að réttindi fatlaðs fólks séu höfð að leiðarljósi í allri stefnumörkun skólastarfs.

Skólaþjónusta leik- og grunnskóla mótast af heildarsýn á aðstæður og hagsmuni barna og unglinga og virku samstarfi við foreldra. Hún mótast einnig af markvissu forvarnarstarfi sem stuðlar að bættri velferð nemenda. Reglur um úthlutun fjármagns styðja við og eru í samræmi við stefnu Kópavogs í skólamálum. Grundvöllur úthlutunar fjármagns til skóla byggir á jafnrétti, sveigjanleika, skilvirkni og ábyrgð.

Skólaþjónustan mótast út frá eftirfarandi heildarsýn:

Stuðla að forvörnum þar sem veitt er fræðsla og ráðgjöf til þeirra sem hafa áhrif á, og móta umhverfi barna og unglinga. Markmið með slíku starfi er að stuðla að farsælu skólastarfi og tryggja að komið sé til móts við þarfir hvers einstaklings svo hann fái notið sín.

Greina vandamál ákveðinna einstaklinga/hópa í skóla og stuðla að jákvæðri þróun með viðeigandi úrræðum.

Leita leiða til lausnar á vandamálum sem þegar hafa komið upp í skólastarfi, hvort heldur er hjá einstaklingi, hópi, deild, bekk eða skólum sem heild.

Stefnumörkun Kópavogsbæjar um skólaþjónustu við leik- og grunnskóla Kópavogs byggir á lögum um leik- og grunnskóla, reglugerð um skólaþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla, aðanámskrám leik- og grunnskóla og stefnu bæjaryfirvalda í málefnum leik- og grunnskóla.



Í 2. grein reglugerðar um skólaþjónustu er fjallað um inntak og markmið hennar, en þar stendur: „Skólaþjónusta tekur annars vegar til stuðnings við nemendur í leik- og grunnskólum og foreldra þeirra og hins vegar stuðnings við starfsemi skóla og starfsfólk þeirra. Markmið með skólaþjónustu sveitarfélaga er að kennslufræðileg, sálfræðileg, þroskafræðileg og félagsfræðileg þekking nýtist sem best í skólustarfi“.

1.2 ÁHERSLUÞÆTTIR

Skólaþjónusta leik- og grunnskóla mótast af heildarsýn á aðstæðum og hagsmunum barna og unglínga, ásamt virku samstarfi við foreldra. Lögð er áhersla á að stuðla að farsælu skólustarfi. Það er gert m.a. með fræðslu til þeirra sem hafa með málefni barna og unglínga að gera, upplýsingaöflun um nám og líðan nemenda og samstarfi við þá aðila sem standa utan við skólasamfélagið og sinna forvörnum.

Við skipulag og framkvæmd skólaþjónustunnar skulu eftirfarandi áhersluþættir hafðir til hliðsjónar:

SNEMMTÆK ÍHLUTUN

Áhersla er lögð á snemmtækt mat á stöðu barna og ráðgjöf með það að markmiði að þau fái kennslu, stuðning og þjálfun við hæfi í skóla án aðgreiningar.

UPPLÝSINGAFLÆÐI MILLI SKÓLASTIGA

Skólaþjónustan vinnur að því að að bæta upplýsingaflæði og samstarf milli leik-, grunn- og framhaldsskóla. Markmiðið er að upplýsingar um stöðu barna og unglínga sem fengið hafa stuðning í námi komist vel til skila í nýjan skóla.

SAMVINNA

Áhersla er á samvinnu við foreldra, starfsfólk skóla og sérfræðinga skólaþjónustunnar jafnt sem stofnanir sem koma að málefnum barna og unglínga. Markmiðið er að miðla upplýsingum og samræma vinnufyrirkomulag til hagsbóta fyrir börn og unglínga.

FRÆÐSLA

Skólaþjónusta leik- og grunnskóla leggur áherslu á fræðslu og ráðgjöf til barna, foreldra og starfsfólks skóla. Markmið fræðslunnar er að bæta sérþekkingu svo betur sé hægt að koma til móts við þarfir allra barna.



1.3 STJÓRNUN OG STARFSFYRIRKOMULAG

Menntasvið Kópavogs skipuleggur skólaþjónustu leik- og grunnskóla. Sérkennslufulltrúi á leikskóladeild og sérfræðiþjónustufulltrúi á grunnskóladeild hafa yfirumsjón með skólaþjónustu við leik- og grunnskóla. Þeir bera faglega ábyrgð á skipulagi skólaþjónustunar og úthlutun fjármagns. Skipulag og útfærsla þjónustunnar mótast af þörfum hvers skólastigs og miðast við að skapa samfellu milli þessara tveggja skólastiga.

Framkvæmd þjónustunnar er eftirfarandi:



Nánari lýsing á hlutverki og verkefnum skólaþjónustu

KENNSLURÁÐGJÖF/SÉRKENNSLURÁÐGJÖF

Starf kennsluráðgjafa miðar að því að styrkja faglegt starf skólanna þannig að börn fái sem best notið sín í námi. Kennsluráðgjafi vinnur í nánu samstarfi við starfsfólk skólans. Ráðgjafinn annast m.a. kennslufræðilegar greiningar, tekur þátt í teymisvinnu, ráðgjöf og fræðslu. Hann aðstoðar starfsfólk, foreldra og börn, og sér um eftirfylgd mála.



SÁLFRÆÐIÞJÓNUSTA

Sálfræðingar vinna í nánu samstarfi við kennara, annað fagfólk og foreldra að úrlausn mála vegna náms-, félags-, og tilfinningalegra erfiðleika sem nemendur kunna að eiga við að stríða. Vinna sálfræðinga felst m.a. í greiningum, ráðgjöf, teymisvinnu, leiðbeiningum til foreldra og barna og fræðslu, ásamt eftirfylgd mála sem þeir vinna að.

IÐJUPJÁLFUN

Iðjupjálfi annast greiningar á börnum og unglíngum sem eiga í erfiðleikum með skynúrvinnslu og fín- og grófhreyfingar. Iðjupjálfi veitir einnig ráðgjöf, tekur þátt í teymisvinnu, leiðbeinir foreldrum, sér um fræðslu og eftirfylgd mála.

TALPJÁLFUN

Talmeinafræðingar (talkennarar) annast greiningar, þjálfun og ráðgjöf vegna barna og unglíngna með skertan málþroska, framburðar- og talerfiðleika. Þeir leiðbeina einnig foreldrum og annast fræðslu, ásamt eftirfylgd mála. Talmeinafræðingar vinna samkvæmt samkomulagi milli Velferðarráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga um skiptingu ábyrgðar vegna talmeinaþjónustu við börn með hin ýmsu málþroskafrávik.

TÚLKAÞJÓNUSTA

Börn sem hafa annað móðurmál en íslensku og foreldrar þeirra eiga rétt á þjónustu túlka þegar ræða þarf skólatengd málefni. Túlkabjónustu er ætlað að tryggja að börn, unglíngar og foreldrar fái réttar upplýsingar um skólastarfið og geti tjáð sig á móðurmáli sínu til þess að koma skoðunum sínum á framfæri. Túlkabjónustan er foreldrum að kostnaðarlausu og viðkomandi skóli sér um að útvega þjónustuna í samráði við foreldra.

SAMVINNA VIÐ AÐRAR STOFNANIR UTAN SKÓLA

Samstarf og samvinna er á milli skólabjónustu leik- og grunnskóla og **Velferðarsviðs Kópavogsbæjar** vegna barna og unglíngna. Hver skóli hefur ákveðinn tengilið vegna barnaverndarmála í viðkomandi skóla.

Samvinna er við **Heilsugæslu Kópavogs** varðandi ung- og smábarnavernd. Í samráði við foreldra geta hjúkrunarfræðingar vísað á skólabjónustu leikskóla varðandi þau börn sem víkja frá í þroskamati hjá heilsugæslunni. Það er gert í samráði við leikskólana. Heilsugæslan fær afrit af greiningum með samþykki foreldra.

Skólabjónusta leik- og grunnskóla vinnur í samstarfi við **Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, Þroska og hegðunarstöð** og **Barna og unglíngageðdeild** varðandi börn með þroska- og hegðunarfrávik



og geðheilsuvanda. Ofangreindar stofnanir sinna greiningu, ráðgjöf og fræðslu vegna raskana hjá börnum allt að 18 ára aldri. Áhersla er á upplýsingagjöf og fræðslu til foreldra og kennara.

Skólaláttunustan á fulltrúa í samstarfsteymi Heilsugæslu Kópavogs, Barnavernd Kópavogs og Barna og unglingsgeðdeildar. Áhersla samstarfsins er á snemmtækt mat á stöðu nemenda, velferð þeirra og úrræði sem mótast af heildarsýn á aðstæðum barna og unglinga.

NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF VIÐ GRUNNSKÓLA

Náms- og starfsráðgjafar eru ráðnir við grunnskólana og vinna undir stjórn skólustjóra. Starf þeirra felst í vinnu með nemendum, foreldrum, kennurum, skólustjórnendum og öðrum starfsmönnum skóla að velferð nemenda. Áhersla er á leiðir sem styrkja sjálfsmynd nemenda, líðan og félagsfærni. Sjá nánar lýsingar á starfsháttum náms- og starfsráðgjafa á heimasíðum skólanna.

FORVARNARVERKEFNI Í GRUNNSKÓLUM (STUÐNINGUR VIÐ NEMENDUR MEÐ HEGÐUNAR- OG TILFINNINGAVANDA)

Við skólaláttunustu grunnskóla starfar teymi sem samanstendur af fjölskylduráðgjafa og grunnskólakennara. Þeir fara á milli skóla og halda námskeið fyrir nemendur sem eiga í erfiðleikum með hegðun, tilfinningar og/eða líðan. Megintilgangur með námskeiðunum er að beina sjónum að hæfni nemenda til tengslamyndunar og bæta líðan þeirra í leik og starfi.

SVEIGJANLEG SKIL MILLI SKÓLASTIGA

Barn getur með heimild skólustjóra grunnskóla, að fenginni umsögn skólaláttunustu, hafið grunnskólanám fyrir 6 ára aldur. Áður en slík ákvörðun er tekin skulu foreldrar, starfsfólk viðkomandi leikskóla og grunnskóla fjalla um málið. Æskilegt er að unnið sé að slíkri flýtingu með góðum fyrirvara, þannig að unnt sé að meta stöðu barnsins. Ef foreldrar una ekki niðurstöðum geta þeir leitað til skólaláttunustu.

Barn getur með heimild leikskólanefndar, að fenginni umsögn skólaláttunustu og leik- og grunnskólustjóra verið ári lengur í leikskóla. Áður en slík ákvörðun er tekin skulu foreldrar og starfsfólk viðkomandi leikskóla fjalla um málið. Æskilegt er að unnið sé að slíkri flýtingu með góðum fyrirvara, þannig að unnt sé að meta stöðu barnsins. Ef foreldrar una ekki niðurstöðum geta þeir leitað til skólaláttunustu.

Samkvæmt grunnskólalögum er skólustjóra heimilt að útskrifa nemandan úr grunnskóla áður en tíu ára skyldunámi er lokið, enda hafi nemandinn náð hæfniviðmiðum aðalnámskrár. Óski foreldrar eftir flýtingu er það í höndum skólustjórnar og með aðstoð skólaláttunustu að meta hvenær og hvernig flýting af þessu tagi fer fram. Æskilegt



er að unnið sé að slíkri flýtingu með góðum fyrirvara, þannig að unnt sé að meta námslega stöðu nemandans. Ef foreldrar una ekki niðurstöðum skólastjórnar geta þeir kært þá ákvörðun samkvæmt grunnskólalögum.

SKIL SKÓLASTIGA VEGNA NEMENDA SEM NJÓTA SÉRSTAKST STUÐNINGS

Gera skal sérstaka áætlun um skólaskil við lok hvers skólastigs fyrir börn sem fengið hafa sérstakan stuðning í námi og eru að hefja nám á næsta skólastigi. Gera skal greinargerð með lýsingu á námslegri og félagslegri stöðu nemandans, ásamt niðurstöðum þeirra greininga sem gerðar hafa verið. Tryggt verði að byggt sé á fyrra námi og reynslu barnsins þegar það fer á næsta skólastig og samfella í námi sé höfð að leiðarljósi.

Við færslu barna frá leikskóla í grunnskóla eru haldnir skilafundir í mars/apríl ár hvert. Sérkennslufulltrúi leikskóla og sérfræðipjónustufulltrúi grunnskóla skipuleggja fundina. Á fundunum veitir starfsfólk leikskóla upplýsingar til grunnskóla og dægradvala um stöðu hvers barns. Jafnframt er fundað með foreldrum og fulltrúum beggja skólastiga í einstaka málum. Einnig heimsækir starfsfólk beggja skólastiga hvert annað til þess að tryggja gott upphaf skólagöngu.

Við skil grunnskóla til framhaldsskóla skal grunnskólinn skila ítarlegri greinargerð fyrir nemendur sem fengið hafa viðtækan stuðning í námi. Í greinargerðinni skulu vera upplýsingar um niðurstöður fyrirbyggjandi greininga, lýsing á skólagöngu nemandans, núverandi aðstæðum, námsstöðu og áform um frekara nám. Foreldrar, nemandinn, kennarar og aðrir fagaðilar skulu taka þátt í að móta greinargerðina og skal undirbúningur hefjast í 9. bekk. Greinargerð þessi nefnist tilfærsluáætlun (sjá nánar reglugerð um nemendur með sérþarfir í grunnskóla og reglugerð um nemendur með sérþarfir í framhaldsskóla).

FRÆÐSLA

Starfsmenn skólapijónustu skipuleggja fræðslu fyrir starfsfólk skóla í formi fyrirlestra eða stuttra námskeiða. Dagskrá fræðslu hvers árs er kynnt sérstaklega.







2. KAFLI

STUÐNINGUR VIÐ BÖRN Í LEIKSKÓLUM

2.1 STEFNUMÖRKUN

Stefna Kópavogsbæjar um stuðning við börn tekur mið af alþjóðlegum samþykktum um skóla án aðgreiningar og að réttindi fatlaðs fólks séu höfð að leiðarljósi í allri stefnumörkun skólastarfs. Jafnframt byggir stefnan á lögum um leikskóla nr. 90 2008, Aðalnámsskrá leikskóla frá 2011 og Reglugerð um stuðning við nemendur í leik- og grunnskóla nr. 584/2010. Áhersla er lögð á að öll börn fái nám við hæfi og standi til boða að stunda nám í heimaskóla.

Hver skóli vinnur árlega áætlun um stuðning við börn í leikskóla. Henni er ætlað að tryggja börnum jafnrétti til náms og fylgja eftir stefnu um skóla án aðgreiningar. Áætlunin er hluti af heildarskipulagi skólans og tekur til allra þátta skólastarfsins.

Reglur um úthlutun fjármagns styðja við og eru í samræmi við stefnu Kópavogs í skólamállum. Grundvöllur úthlutunar fjármagns til skóla byggir á jafnrétti, sveigjanleika, skilvirkni og ábyrgð.

2.2 ÁHERSLUÞÆTTIR

Í leikskólum á velferð og hagur barna að vera leiðarljós í öllu starfi. Veita á börnum umönnun og menntun, búa þeim hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði. Skólar skulu leggja áherslu á sveigjanlegar og fjölbreyttar námsaðferðir til að mæta þörfum allra barna. Leikur er megin námsleið barna, þar eflast vitrænir og skapandi þættir. Í skóla án aðgreiningar skal stuðningur við nám barna vera hluti af almennu skólastarfi. Sérstök áhersla á skipulagningu stuðnings við nemendur er á eftirtalda þætti:

NÁMSUMHVERFI

Tryggja þarf börnum námsaðstæður sem leiða til besta mögulega árangurs á öllum sviðum skólastarfs. Skólar skulu leggja áherslu á sveigjanlega og fjölbreytta náms- og kennsluhætti til að mæta þörfum allra barna í almennu námsumhverfi.

SKIMANIR/ATHUGANIR/GREININGAR

Með skimunum og athugunum er metið hvort í leikskólanum séu börn sem þurfi sérkennslu eða stuðning. Lögð er áhersla á snemmtæka íhlutun. Skipulag sérkennslu fyrir viðkomandi barn skal byggt á þeim greiningum og athugunum sem liggja fyrir.



ÁÆTLANIR

Skólar vinna árlega heildstæða starfsáætlun þar sem skipulagt er hvernig mætt er fjölbreyttum hópi barna. Einnig skal gera einstaklingsnámskrár þar sem fram kemur áætlun um markmið, leiðir og endurmat. Skólar setji sér móttökuáætlun/verkferla vegna barna sem eru að hefja skólagöngu og þurfa sérstakan stuðning.

TEYMI

Mynda skal teymi með foreldrum, starfsmönnum skóla og þeim sérfræðingum sem komið hafa að málefnum barnsins. Mikilvægt er að hlutverk og ábyrgð hvers aðila í teyminu séu skýr. Einstaklingsnámskrá er unnin í samstarfi við teymið og þar er farið yfir áætlanir sem gerðar hafa verið og metið hvernig til hefur tekist. Sjá hlutverk teymis hér að neðan.

2.3 STJÓRNUN OG STARFSFYRIRKOMULAG

Sérkennslufulltrúi á leikskóladeild ber faglega ábyrgð á framkvæmd stefnumörkunar um skóla án aðgreiningar og úthlutun á tímamagni sem fer til sérkennslu/stuðnings til skólanna. Jafnframt ber hann ábyrgð á að fylgjast með nýtingu á úthlutun tímamagns og leggur fram tillögur að breytingum ef þörf krefur.

Hver leikskóli útfærir stuðning við börn út frá áherslupáttum í stefnu bæjarins og leikskólastjóri er ábyrgur fyrir framkvæmd innan skólans. Hér að neðan er gerð grein fyrir ákveðnum atriðum sem skólar taka mið af við útfærslu og framkvæmd.

TEYMISVINNA – SAMSTARF

Algengt er að teymi séu stofnuð um málefni einstakra barna þegar bregðast þarf við með sérstökum hætti. Slík teymi geta verið innan leikskóla, einnig milli skóla og annarra aðila sem fara með málefni barnsins. Hér er gerður greinarmunur á annars vegar stuðningsteymi og hins vegar þverfaglegu þjónustuteymi.

Í **stuðningsteymi** eiga sæti foreldrar og aðrir þeir sem eru virkir í daglegu umhverfi barnsins. Tilgangur stuðningsteymis er að stuðla að daglegum stuðningi og skal ávallt leitast við að vinna út frá styrkleikum barnsins. Foreldrar og/eða starfsmenn geta óskað eftir stofnun stuðningsteymis. Ekki er hægt að stofna til stuðningsteymis án samþykkis og þátttöku foreldra. Teymið setur sér starfsreglur, t.d. um stjórnun og tíðni funda.

Vinna í **þverfaglegu þjónustuteymi** byggir á samstarfi foreldra, starfsmanna leikskólans sem koma að vinnu með barnið s.s



sérkennslustjóra, stuðningsaðila, deildarstjóra og ráðgjafa stoðþjónustu, ásamt öðrum fagaðilum/sérfræðingum. Það fer eftir þörfum barnsins hverjir sitja í teyminu hverju sinni. Sérkennslustjóri í samvinnu við ráðgjafa bera ábyrgð á að velja lykilaðila teymisins. Tilgangur þverfaglegra teyma er annars vegar að samhæfa úrræði, tryggja skilvirka vinnu með barnið, stytta boðleiðir og tryggja upplýsingamiðlun milli aðila. Hins vegar að tryggja samræmingu milli fagsviða, þróun leiða og uppbyggingu þekkingar til að ná settum markmiðum um stuðning á nýjan og sveigjanlegan hátt.

EINSTAKLINGSNÁMSKRÁ – FRÁVIK FRÁ AÐALNÁMSKRÁ

Einstaklingsnámskrá byggir á mismunandi námsþörfum ólíkra einstaklinga og stuðlar að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins. Hún tekur til skammtímamarkmiða, langtímamarkmiða og leiða fyrir ákveðin tímabil. Einstaklingsnámskrá byggir jafnframt á viðmiðum, greinandi prófum og skimunargögnum.

Þegar styðja þarf barn til aukinna framfara og þátttöku með innngripi í námið, skal í samstarfi við foreldra gera rökstudda einstaklingsnámskrá. Hún byggir á heildaraðstæðum og þörfum barnsins og mati á stöðu þess í námi og þroska. Í hverjum skóla ber sérkennslustjóri ábyrgð á að gerðar séu einstaklingsnámskrár. Einstaklingsnámskrá skal unnin í samvinnu við foreldra, deildarstjóra, sérkennara og annarra fagaðila eftir atvikum. Einstaklingsnámskrá skal ætíð unnin í samstarfi við foreldra og í samráði við börnin eins og kostur er.

2.4 REGLUR OG FYRIRKOMULAG VARÐANDI ÚTHLUTUN FJÁRMAGNS/TÍMAMAGNS

Sérkennslufulltrúi úthlutar tímum til sérkennslu fyrir hvert skólaár og endurmetur þörfina í samráði við sérkennslustjóra/ leikskólastjóra á þegar úthlutuðum tímum.

Úthlutun fjármagns til leikskóla vegna sérkennslu/stuðnings er í tvennu formi og fylgir ákveðnum reglum:

- a) Hver leikskóli fær úthlutað sérkennslutímum samkvæmt fyrirbyggjandi greiningum fyrir ákveðið barni. Sú úthlutun er ætluð til að mæta þörfum barna með mismundi þroskaskanir og sem falla undir 1. og 2. flokk (sjá neðar). Skólar skipuleggja stuðninginn í samvinnu við skólaþjónustu og í samræmi við stefnu um *Skóla fyrir alla*.



- b) Hver leikskóli fær úthlutað sérkennslutímum samkvæmt ákveðnum reiknistuðli út frá barnafjölda skólans. Sú úthlutun er ætluð til að mæta þörfum barna sem falla undir 3. og 4. flokk (sjá neðar). Leikskólastjóri skipuleggjur í samvinnu við sérkennslustjóra stuðninginn í samræmi við stefnu um *Skóla fyrir alla*.
- c) Leikskólar fá úthlutað kennslutímum samkvæmt ákveðnum reiknistuðli fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku og tvítyngdum nemendum sem falla undir 5. flokk (sjá neðar).

Leikskólastjóri/sérkennslustjóri sækjir um sérkennslutíma á vor- misseri á sérstökum eyðublöðum með rökstuðningi og með hliðsjón af viðmiðunarflokkum.

Í sérstökum tilvikum þegar barn þarf stöðuga aðgæslu meirihluta dvalartíma síns, getur sérkennslufulltrúi í samráði við leikskólafulltrúa úthlutað barni fleiri sérkennslustundum en flokkunarröð segir til um.

FLOKKUNARRÖÐ

Flokkur 1: Börn sem þurfa á verulegri aðstoð að halda í daglegu lífi vegna t.a.m. fjölfötlunar, alvarlegrar þroskaröskunar, verulegrar hreyfihömlunar (hjólástóll, önnur hjálpartæki), verulegrar tengslaskerðingar (einhverfu), blindu, heyrnarleysis, alvarlegrar málhömlunar eða vegna ýmissa heilkenna.

Flokkur 2: Börn sem þurfa reglulega á aðstoð að halda vegna t.a.m. miðlungs þroskaröskunar, hreyfihömlunar, verulegrar sjón- eða heyrnarskerðingar, vægrar tengslaskerðingar eða greindarskerðingar. Einnig alvarlega langveik börn sem þurfa verulega umönnun.

Flokkur 3: Börn með tilfinninga- og félagslega erfiðleika, alvarlegan athyglisbrest, ADHD, einbeitingarskort, hvatvísi eða ofvirkni. Börn sem þurfa töluverða aðstoð eða örvun vegna t.a.m. vægrar þroskaröskunar eða annarra þroskafrávika.

Flokkur 4: Börn sem þurfa á aðstoð að halda vegna t.a.m. málhömlunar, tvítyngis eða félags- og tilfinningalegra erfiðleika.

Flokkur 5: Tímabundin aðstoð við deild eða leikskóla vegna fjölda barna af erlendum uppruna, fárra faglærðra starfsmanna, mjög erfiðrar samsetningar barnahóps á deild eða fjölda barna sem þurfa á sérstakri aðstoð að halda.

Úthlutun á sérkennslutímum vegna barna í flokki 5 er gerð í samráði við deildarstjóra leikskóladeildar.



Viðbótarfjármagni til skóla er ætlað að tryggja leikskólum að-
stæður til að starfrækja kennslu og þjónustu svo mæta megi
þörfum allra barna.





3. KAFLI

STUÐNINGUR VIÐ NEMENDUR Í GRUNNSKÓLUM

3.1 STEFNUMÖRKUN

Stefna Kópavogsbæjar um stuðning við nemendur tekur mið af alþjóðlegum samþykktum um skóla án aðgreiningar og að réttindi fatlaðs fólks séu höfð að leiðarljósi í allri stefnumörkun skólastarfs. Jafnframt byggir stefnan á lögum um grunnskóla nr. 91/2008, aðalnámskrá grunnskóla frá 2011 og reglugerð um stuðning við nemendur í grunnskólum nr. 585/2010.

Áhersla er lögð á að allir nemendur fái nám við hæfi og standi til boða að stunda nám í heimaskóla. Hver skóli vinnur árlega áætlun um stuðning við nemendur. Henni er ætlað að tryggja nemendum jafnrétti til náms og fylgja eftir stefnu um skóla án aðgreiningar. Áætlunin er hluti af heildarskipulagi skólans og tekur til allra þátta skólastarfsins.

Reglur um úthlutun fjármagns styðja við og eru í samræmi við stefnu Kópavogs í skólamállum. Grundvöllur úthlutunar fjármagns til skóla byggir á jafnrétti, sveigjanleika, skilvirkni og ábyrgð.

3.2 ÁHERSLUÞÆTTIR

Í skóla án aðgreiningar skal stuðningur við nemendur vera hluti af almennu skólastarfi, þar sem mikil áhersla er lögð á samstarf og samvinnu við foreldra. Við framkvæmd stuðnings í skólastarfi er sérstaklega horft til eftirfarandi þátta:

NÁMSUMHVERFI OG KENNSLUHÆTTIR

Tryggja þarf nemendum námsaðstæður sem leiða til besta mögulega árangurs á öllum sviðum skólastarfs. Skólar skulu leggja áherslu á sveigjanlega og fjölbreytta náms- og kennsluhætti til að mæta þörfum allra nemenda í almennu námsumhverfi.

SKIMANIR/ATHUGANIR/GREININGAR

Ef skóli eða foreldrar telja að nemandi þurfi sérstakan stuðning, skal í upphafi meta hvort kennsla, markmið og námsumhverfi eru við hæfi.

Með skimunum, kennslufræðilegum- og sálfræðilegum athugunum er metið hvort í skólanum séu nemendur sem þurfi sérstakan stuðning. Þær athuganir skulu lagðar til grundvallar við skipulag stuðnings fyrir viðkomandi nemanda.



ÁÆTLANIR

Skólar vinni árlega heildstæða áætlun um skipulag stuðnings við nemendur þar sem fram kemur hvernig fjölbreyttum hópi nemenda er mætt náms- og félagslega í skólastarfi.

Skólar setji sér móttökuáætlun vegna nemenda sem þurfa sérstakan stuðning til þess m.a. að tryggja góða upplýsingamiðlun og samvinnu nemenda, foreldra og skóla.

Ef styðja þarf nemendur sérstaklega til frekari framfara í námi skal skólinn í samstarfi við foreldra og nemandann útbúa rökstudda einstaklingsnámskrá eða áætlun.

TEYMI

Ef talið er að styðja þurfi nemanda sérstaklega til aukins árangurs, skal mynda teymi með foreldrum, starfsmönnum skóla og þeim sérfræðingum sem komið hafa að málefnum nemandans. Mikilvægt er að hlutverk og ábyrgð hvers aðila í teyminu séu skýr. Nemendur skulu taka þátt í vinnu teymis eins og kostur er.

SÉRÚRRÆÐI

Sérdeildir og námsver verða áfram starfrækt við grunnskóla Kópavogs og þróuð með hliðsjón af þörfum skólasamfélagsins. Það skal ætíð vera val foreldra hvort barn þeirra stundi nám í þeim úrræðum. Starfsreglur og starfsáætlanir sérdeilda og námsvera skulu vera aðgengilegar á heimasíðu bæjarins og skólanna sem hýsa sérúrræði.

3.3 STJÓRNUN OG STARFSFYRIRKOMULAG

Sérfræðipjónustufulltrúi á grunnskóladeild ber faglega ábyrgð á stefnumörkun og skipulagi stuðnings við nemendur. Jafnframt ber hann ábyrgð á úthlutun tímamagns, fylgist með nýtingu þess og leggur fram tillögur að breytingum ef þörf krefur.

Sérfræðipjónustufulltrúi skipuleggur fræðslu fyrir starfsfólk skóla með það að markmiði að ná fram betra og markvissara vinnulagi í skóla án aðgreiningar.

Hver skóli útfærir stuðning við nemendur út frá áhersluþáttum í stefnu bæjarins og skólastjóri er ábyrgur fyrir framkvæmd innan skólans. Hér að neðan er gerð grein fyrir ákveðnum atriðum sem skólar taka mið af við útfærslu og framkvæmd.



HEILDARÁÆTLUN SKÓLA UM STUÐNING VIÐ NEMENDUR

Hver skóli skal árlega vinna áætlun um stuðning við nemendur. Áætlunin er hluti af heildarskipulagi skólans og tekur til allra þátta skólastarfsins. Hún er hluti af skóla án aðgreiningar og er ætlað að tryggja nemendum sérstakan stuðning og aðlaga aðstæður að þörfum margbreytilegs nemendahóps samkvæmt 10. gr. reglugerðar um nemendur með sérþarfir nr. 585/2010.

Áætlunin er lýsing á því stuðningskerfi sem skólinn hefur skipulagt vegna nemenda með ólíkar þarfir. Í henni er gerð grein fyrir því hvernig stuðningi við nemendur er háttað í almennu skólastarfi og hvernig stuðningur og sérkennsla er skipulögð innan og utan námshópa. Í áætluninni á einnig að koma fram hvernig stoðkerfi skólans er uppbyggt, markmið þess, hverjir koma að því og hvernig það tengist öllum þáttum skólastarfsins.

Ávallt skal leita leiða til að aðlaga aðstæður að margbreytileika nemendahópsins, bæði náms- og félagslega, greina hindranir sem í vegi kunna að vera, ryðja þeim úr vegi eða draga úr áhrifum þeirra. Foreldrar eiga að vera upplýstir um heildaráætlun skólans um stuðning við nemendur og skal hún vera aðgengileg á heimasíðu hvers skóla.

MÓTTÖKUÁÆTLUN

Að hefja grunnskólagöngu eða að byrja í nýjum skóla eru mikil tíma- mót í lífi hvers barns og foreldra þess. Framundan er samstarf heimilis og skóla um menntun og velferð barnsins og mikilvægt er að bæði barn og foreldrar upplifi sig virt og velkomin í skólasamfélagið.

Hverjum skóla ber, samkvæmt 9. gr. reglugerðar um nemendur með sérþarfir nr. 585/2010, að gera, auk almennrar móttöku- áætlunar, móttökuáætlun vegna nemenda sem þurfa á sérstökum stuðningi að halda þar sem fram kemur hvernig stuðningskerfi við- komandi skóla er byggt upp. Áætlunin lýsir aðlögun og móttöku nemenda sem þurfa á sérstökum stuðningi að halda og eru að hefja grunnskólanám að loknum leikskóla eða flytja úr einum grunnskóla í annan. Einnig á áætlunin að ná til móttöku foreldra sem eru í leit að skóla fyrir börn sín.

Móttökuáætlun skóla skal taka til undirbúnings skólagöngu, stofnun teyma, aðlögunar, aðgengis, hindrana og hvernig tekist er á við þær. Jafnframt gerð einstaklingsnámskrár og hvernig henni skuli fylgt eftir, ásamt samstarfi við aðila utan skólans.

Foreldrar nemenda sem þurfa á sérstökum stuðningi að halda skulu ávallt upplýstir við upphaf skólagöngu um heildarskipulag



og stefnu skólans og áætlun um skipulag stuðnings við nemendur. Að auki skal ávallt skoða með foreldrum hvaða aðstæður geti hindrað nemandann í almennu skólastarfi, námi, aðlögun og aðgengi og leita leiða til að ryðja þeim hindrunum úr vegi eða draga úr áhrifum þeirra.

EINSTAKLINGSNÁMSKRÁ – FRÁVIK FRÁ AÐALNÁMSKRÁ

Einstaklingsnámskrá byggir á aðalnámskrá, en felur í sér frávik frá henni og tekur til námsmarkmiða, inntaks náms og leiða fyrir ákveðið tímabil. Einstaklingsnámskrá byggir jafnframt á viðmiðum, greinandi prófum og skimunarprófum. Einstaklingsnámskrá skal ætíð unnin í samstarfi við foreldra og í samráði við nemandann eins og kostur er.

Þegar styðja þarf nemanda til aukinna framfara og þátttöku með breytingum á námsaðstæðum, kennsluaðferðum og/eða inntaki náms skal gera rökstudda einstaklingsnámskrá. Námskráin skal byggð á heildaraðstæðum nemandans og mati á stöðu hans í námi og þroska. Í hverjum skóla ber umsjónarkennari og sérkennari í samvinnu við aðra fagaðila ábyrgð á gerð einstaklingsnámskrár.

Námsmat og framsetning vitnisburðar um framvindu náms samkvæmt einstaklingasnámskrá skal vera á höndum sömu aðila. Einstaklingsnámskrá ber að endurskoða og meta reglulega, samkvæmt 11. gr. reglugerðar nr. 585/2010.

TEYMISVINNA – SAMSTARF

Algengt er að teymi séu stofnuð um málefni einstakra nemenda þegar bregðast þarf við með t.d. breytingum á námsaðstæðum og kennslu svo nemandi fái notið skólagöngu sinnar og taki framförum. Slík teymi geta verið innan skóla, einnig milli skóla og annarra aðila sem fara með málefni nemandans s.s. sérkennara eða þroskaþjálfara. Hér er gerður greinarmunur á annars vegar stuðningsteymi og hins vegar þverfaglegu þjónustuteymi.

Í **stuðningsteymi** eiga sæti foreldrar, umsjónarkennari og aðrir þeir sem eru virkir í daglegu umhverfi nemandans, að honum meðtöldum eins og kostur er. Tilgangur stuðningsteymis er að stuðla að sterkari sjálfsmynd og sjálfstæði nemandans í skóla-samfélaginu og skal ávallt leitast við að vinna út frá styrkleikum hans. Foreldrar og/eða starfsmenn geta óskað eftir stofnun stuðningsteymis og ber skólustjóra að verða við þeirri ósk. Ekki er hægt að stofna til stuðningsteymis án samþykkis og þátttöku foreldra. Teymið setur sér starfsreglur, t.d. um stjórnun og tíðni funda.



Vinna í **þverfaglegu þjónustuteymi** byggir á samstarfi fagaðila, foreldra og nemandanna og fer það eftir þörfum nemandans hverjir sitja í teyminu hverju sinni. Skólastjóri ber ábyrgð á að velja lykil-aðila teymisins. Tilgangur þverfaglegra teyma er annars vegar að samhæfa úrræði, tryggja skilvirka þjónustu, stytta boðleiðir og tryggja upplýsingamiðlun milli aðila. Hins vegar að tryggja samræmingu milli fagsviða, þróun leiða og uppbyggingu þekkingar til að ná settum markmiðum um stuðning.

SÉRÚRRÆÐI, OG SJÚKRAKENNSLA

Öllum nemendum stendur til boða að stunda nám í heimaskóla. Í Kópavogi eru jafnframt reknar sérdeildir, námsver og smíðjur við nokkra skóla. Auk þess starfrækir Reykjavíkurborg sérskóla, sem foreldrar geta valið að sækja um fyrir barn sitt. Vegna langvarandi veikinda nemenda geta skólar sótt um tímamagn vegna sjúkrakennslu.

Sérúrræðin sem starfrækt eru við grunnskóla Kópavogs skal litið á sem tímabundin úrræði og nemendur þeirra tilheyra bekk jafnaldra sinna. Alltaf skal leitast við að viðkomandi nemandi fái kennslu í sínum bekk eins mikið og kostur er. Við lok skólaárs skal metið hvort nemandi hafi áframhaldandi þörf fyrir sérúrræðið eða hann útskrifaður úr því. Gerð er nánari grein fyrir sérúrræðum í sérstökum starfsreglum og skulu þær birtar á heimasíðu viðkomandi skóla.

Eftirtalin sérúrræði eru starfrækt:

Námsver fyrir nemendur í 5.-10. bekk, Kópavogsskóla. Hlutverk námsversins er að veita nemendum með þroskafrávik og/eða annan fjölþættan vanda kennslu og uppeldi við hæfi.

Smíðja fyrir nemendur í 8.-10. bekk, Snælandsskóla. Hlutverk úrræðisins er að veita nemendum með þroskafrávik og/eða annan fjölþættan vanda kennslu og uppeldi við hæfi hvers og eins.

Sérdeild fyrir nemendur með einhverfu í Álfhólsskóla. Hlutverk deildarinnar er að veita nemendum sem þar eru kennslu og uppeldi við hæfi hvers og eins.

Tröð skóla- og skammtímaúrræði í Neðstutröð. Úrræðinu er stjórnað frá grunnskóladeild og hefur það hlutverk að sinna nemendum í 1.-10. bekk úr grunnskólum Kópavogs sem þurfa sérstakan stuðning í afmarkaðan tíma.

Atvinnutengt nám er ætlað nemendum í 10. bekk sem vegna sértækra örðugleika, annarrar en fötlunar, hafa dregist aftur úr í námi og/eða eiga við félags- og tilfinningaleg vandamál að stríða



sem valda þeim verulegri vanlíðan í grunnskóla. Markmið atvinnutengds náms er að bæta líðan nemenda og styrkja sjálfsmynd þeirra.

Sjúkrakennsla er ætluð þeim nemendum sem vegna langvarandi veikinda geta ekki tekið þátt í almennu skólastarfi. Skólastjórar sækja um tímamagn vegna sjúkrakennslu til grunnskóladeildar menntasviðs. Úthlutun tímamagns er tímabundin ráðstöfun og endurskoðuð reglulega í samvinnu við foreldra og skóla.

3.4 FYRIRKOMULAG Á ÚTHLUTUN KENNSLU-TÍMAMAGNS

Úthlutun fjármagns til grunnskóla vegna stuðnings við nemendur er í formi kennslutímamagns sem úthlutað er eftir ákveðnum reiknireglum. Þær eru:

- a) Hver grunnskóli fær úthlutað kennslutímum samkvæmt ákveðnum reiknistuðli út frá nemendafjölda skólans. Sú úthlutun er ætluð til að mæta þörfum nemenda með almenna og sérþæka námserfiðleika svo sem í lestri, íslensku og stærðfræði, vegna raskana á hreyfifærni og mál- og talörðugleika. Skólar skipuleggja stuðninginn í samræmi við stefnu um *Skóla fyrir alla* og stuðning við nemendur í grunnskólum Kópavogs.
- b) Vegna stuðnings við mikið fatlaða nemendur og nemendur með alvarlegar raskanir fá grunnskólar úthlutað viðbótar kennslutímum sem ætlaðir eru til þess að koma betur til móts við þarfir þessa hóps. Skólar sækja um viðbótar kennslutíma á vormisseri á sérstökum eyðublöðum með rökstuðningi og með hliðsjón af viðmiðunarflokkum sem Jöfnunarsjóður sveitarfélaga hefur gefið út (fylgiskjöl 18 og 19).
- c) Auk kennslutímamagns fá skólar fjármagn samkvæmt ákveðnum reiknistuðli til þess að ráða til sín stuðningsfulltrúa sem eru kennurum og nemendum til aðstoðar við nám og kennslu.

Fjármagni til skóla er ætlað að tryggja skólum aðstæður til að starfrækja kennslu og þjónustu svo mæta megi þörfum allra nemenda. Jafnframt er mikilvægt að í skólum sé ákveðinn sveigjanleiki til að móta úrræði sem henta aðstæðum hvers skóla.



YFIRLIT YFIR TENGD SKJÖL

1. Verksvið sálfræðinga við leikskóla
2. Verksvið sálfræðinga við grunnskólum
3. Verksvið kennsluráðgjafa við grunnskóla
4. Verklagsreglur talmeinafræðings við leikskóla
5. Verksvið talmeinafræðinga við grunnskólum
6. Starfsreglur um atvinnutengt nám
7. Starfsreglur forvarnarverkefnis – Að vera betri ég
8. Starfsreglur sérdeildar í Álfhólsskóla fyrir nemendur með einhverfu
9. Starfsreglur fyrir Námsver í Kópavogsskóla
10. Starfreglur fyrir Smiðju í Snælandsskóla
11. Starfsreglur fyrir Tröð skóla- og skammtímaúrræði
12. Viðmið fyrir flýtingar og seinkanir barna á skilum leik- og grunnskóla
13. Viðmið um flýtingar á lokum náms við grunnskóla Kópavogsbæjar
14. Reglur Kópavogsbæjar um skólaakstur fatlaðra barna í leik- og grunnskóla á skólatíma
15. Umsókn um skólaþjónustu í leiksskólum
16. Tilvísun til skólaþjónustu grunnskóla vegna námshópa og ráðgjöf við kennara
17. Tilvísun til skólaþjónustu grunnskóla vegna einstakra nemenda
18. Tilvísun til sálfræðing grunnskóla
19. Umsókn um grunn- og leikskólaakstur
20. Skil milli leik- og grunnskóla – eyðublað
21. Tilfærsluáætlun milli grunn- og framhaldsskóla - eyðublað
22. Umsóknareyðublað um viðbótarúthlutun í grunnskólum
23. Beiðni um viðbótarúthlutun til leikskóla
24. Umsókn um atvinnutengt nám í 10. bekk
25. Umsókn sérdeild í Álfhólsskóla fyrir nemendur með einhverfu
26. Umsókn um Námsver í Kópavogsskóla
27. Umsókn um Smiðju í Snælandsskóla
28. Umsókn um skólavist í Tröð

Leik- og grunnskólar í Kópavogi

kopavogur.is

Aðalþing
Arnarsmári
Austurkór
Álfaheiði
Álfatún
Baugur
Dalur
Efstihjalli
Fagrabrekka
Fífusalir
Furugrund

Grænatún
Kópahvoll
Kópasteinn
Kór
Lækur
Marbakki
Núpur
Rjúpnahæð
Sólhvörf
Urðarhóll

Álfhólsskóli
Hörðuvallaskóli
Kársnesskóli
Kópavogsskóli
Lindaskóli
Salaskóli
Smáraskóli
Snælandsskóli
Vatnsendaskóli



Kópavogsbær
2016